

## LÖG

### um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (hlutverk Jöfnunarsjóðs og heimild til skerðingar á framlögum hans).

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Í upphafi III. kafla laganna kemur ný grein, 8. gr., svohljóðandi:

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

#### 2. gr.

8. gr. laganna verður 8. gr. a.

#### 3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „8. gr.“ í a- og b-lið 10. gr., c-, d- og e-lið 11. gr., 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 1. og 2. mgr. 13. gr. a laganna kemur: 8. gr. a.

#### 4. gr.

Við 18. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í reglugerð er heimilt að kveða á um að þau sveitarfélög sem hafa heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti sem teljast verulega umfram landsmeðaltal skuli ekki njóta framlaga úr Jöfnunarsjóði skv. d-lið 11. gr. og 1. mgr. 13. gr.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 2012.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

**Ásta R. Jóhannesdóttir.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Ögmundur Jónasson.*